

**Nd.**

**31. Framvarp**

til laga um heimild til gjaldeyrislántöku.

Flutningsmenn: Jakob Möller og Bjarni Jónsson frá Vogu.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eða ábyrgjast fyrir bankana, annan eða báða, erlent gjaldeyrislán, að upphæð alt að fjórum milljónum króna, er verja skal til stöðvunar á gengi íslenskrar krónu. Lánið skal tekið að minsta kosti til 5–10 ára.

## Greinargerð.

Á Alþingi 1922 var um það rætt, hvort taka skyldi upp opinbert gjald-eyrismat hér á landi. Voru um það nokkuð skiftar skoðanir, en lagafrumvarpi í þessa átt var að lokum vísað til stjórnarinnar. Um eitt atriði, er mál þetta snertir, yvirtust þingmenn þó mjög sammála; sem sje, að »fyrsta skilyrði fyrir því, að opinber skráning yrði upp tekin, væri það, að samningum yrði náð að mestu leyti um þær lausar skuldir, er gengi íslenskrar krónu stafar hætta af, eða þær greiddar«, og þá sjerstaklega átt við innieignir útlendinga í Íslandsbanka. (Sbr. greinargerð frá samvinnunefnd viðskiftamálaanna með frv. til laga um skipun matsnefndar á erl. gjaldeyri, á þskj. 202, og umræður um það mál.) Nú er svo komið, að bankarnir hafa tekið upp opinbert gjaldeyrismat, en hinsvegar engar ráðstafanir verið gerðar til að verjast þeirri hættu, er gengi ísl. krónu stafar af þessum umræddu »lausu skuldum«. En það er komið í ljós, að slík hætta er yfirvofandi. Því til sönnunar nægir að benda á, að gengi ísl. kr. gagnvart sterlingspundi hefir síðan í haust lækkað um full 11%, og má fullyrða, að það stafi frá áhrifum þessara lausu skulda. Slíkra áhrifa á gengið, frá þessum lausu skuldum, má vænta ár eftir ár, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að greiða þær jafnótt og krafist er. Þess mun nú hafa verið vænst, að bankarnir væru einfærir um að ráðstafa þessum skuldum, ná samningum um þær eða fá lán til að greiða þær með. En þó að einhverjar tilraunir kunni að hafa verið gerðar í þá átt, þá hafa þær að minsta kosti engan árangur borið, enda má fullyrða, að allar slíkar tilraunir bankanna muni verða árangurslausar, nema ríkið hlaupi þar undir baggann, á þann hátt, sem frv. þetta fer fram á.

Hámarksupphæð lánsins, sem í þessu frv. er farið fram á, að ríkisstjórnin fái heimild til að taka eða ábyrgjast fyrir bankana, er ákveðin í samræmi við niðurstöðu viðskiftamálanefndar þingsins 1922 um upphæð lausaskuldanna. Nefndin áætlaði þessar skuldir 6—8 miljónir kr. En gera má ráð fyrir því, að eitthvað hafi greiðst af þeim á árinu, en hinsvegar mun þess ekki við þurfa, til þess að eins að stöðva gengi ísl. krónu, að þær verði greiddar allar í senn, og er jafnvel líklegra, að til þess þurfi ef til vill ekki nema lítinn hluta þessarar upphæðar. En það ætti auðvitað að vera hlutverk væntanlegrar nefndar að rannsaka þetta sjerstaklega í samvinnu við bankana.